

## L Ö G

um breyting á lögum um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Í Háskóla Íslands eru þessar 5 deildir: guðfræðideild, læknadeild, laga- og hagfræðideild, heimspekideild og atvinnudeild.

## 2. gr.

15. gr. laganna orðist þannig:

Hver sá, kona eða karl, sem lokið hefur stúdentsprófi við hinn almenna menntaskóla í Reykjavík, menntaskólann á Akureyri eða annan innlenda skóla jafngildan þeim, á rétt á að verða skrásettur háskólaborgari, gegn því að greiða skrásetningargjald til háskólans, enda sé mannorð hans óflekkað. Háskólaráð getur veitt mönnum, sem tekið hafa próf við erlenda skóla, sem jafngildir íslenzku stúdentsprófi, rétt til að láta skrásetja sig við háskólann.

Háskólaráðið getur þó, samkvæmt tillögum hlutaðeigandi háskóladeildar, kveðið svo á í samþykkt, að aðeins ákveðinn fjöldi nýrra stúdenta skuli skráður í deildina á ári hverju. Óski fleiri stúdentar skrásetningar en samþykkt leyfir, er háskólaráði heimilt að setja, í samráði við hverja deild, ákvæði um, eftir hverjum reglum hinni tilteknu tölu sé veittur aðgangur að deildinni.

Nú er aðgangur að háskóladeild takmarkaður, og getur háskólaráð þá mælt svo fyrir, að stúdendum þeim, sem í deildinni eru, skuli skylt að sýna í lok hvers kennslumissiris vottorð kennara deildarinnar um, að þeir hafi stundað nám í deildinni það kennslumissiri.

## 3. gr.

Aftan við 20. gr. laganna bætist: eða 2 kennslumissiri, sé aðgangur að deild þeirri, sem hann er skrásettur í, takmarkaður samkv. 2. málsg. 15. greinar.

## 4. gr.

22. gr. laganna orðist þannig:

Í reglugerð háskólans skulu sett ákvæði um próf, bæði undirbúningspróf og fullnáðarpróf, um námsgreinar þær, er prófa skal í, um einkunnagjafir og hversu háa einkunn þurfi til að standast prófið, bæði í einstökum prófgreinum og í aðaleinkunn. Skipta má fullnáðarprófi í fleiri hluta og kveða á um það, hvað líða megi lengstur eða skemmstur tími milli þess, að einstakir hlutar prófsins eru teknir. Einnig má setja fyrir máli um það, að stúdent, er ganga vill til prófs, skuli áður hafa lokið undirbúningsprófum eða notið kennslu í tilteknum greinum á námskeiðum, í æfingaflokkum eða við verklegt nám, þar á meðal að hann hafi notið kennslu í íþróttum ekki skemur en 4 kennslumissiri.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson,*